



LOKAÐ MEÐ BÓKUN

Málnr.: **M-02111/AIG-17**

Dags: **27. ágúst 2011**

Staður: **Norðvestur af Hofsjökli**

Lýsing: **Reykur í flugstjórnarklefa**

Einkaflugmaður ásamt farþega áætlaði að fljúga mótorsvifflugunni TF-SAA (Diamond) frá Melgerðismelum á Akureyri til Reykjavíkur. Eftir um það bil 25 mínútna flug varð flugmaðurinn var við að flugstjórnarklefinn fylltist af reyk. Svifflugun var þá í um það bil 9000 feta hæð yfir sjávarmáli. Flugmaðurinn lýsti yfir neyðarástandi og ákvað að snúa svifflugunni til baka og lenda aftur á Melgerðismelum.



Rannsóknarnefnd samgönguslysa lokaði málinu með bókun þann 11. september 2014.